

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. mars 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. mars 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

7. mars 2001

Nr. 191

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 304, 3. maí 1999,
um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.**

1. gr.

Í stað orðanna: „1. maí til og með 15. október“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: 15. mars til og með 15. október.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. mars 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

6. mars 2001

Nr. 192

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 943/2000
um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2001.**

1. gr.

Í stað 0,4% í 1. gr. kemur: 0,04%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2001.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.